



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 31/2024

Fullyrðingar um virkni Lifewave vara

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. febrúar 2024, fór stofnunin fram á skýringar X20 Lausna ehf., rekstraraðila vefsíðunnar lifsbylgja.is, á fjórtán fullyrðingum um virkni Lifewave vara í auglýsingum en stofnuninni hafði borist ábending vegna fullyrðinganna á vefsíðunni. Þá benti stofnunin á að svo virtist sem allar upplýsingar um þjónustuveitanda skorti á vefsíðunni.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., b. liðar 1. mgr. 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir

Þá var farið fram á í bréfinu að X20 Lausnir færði sönnur fyrir eftirfarandi fullyrðingum í markaðssetningu sinni á Lifewave vörum:

1. „Virkjaðu þínar eigin stofnfrumur. Engin efni eða lyf fara inn í líkamann þinn. Þú einfaldlega notar lítinn plástur (X39) 12 klst. á dag.“
2. „X39 örvar líkamann með phototherapy til að framleiða meira magn af koparpeptíði, sjá nánar rannsóknir GHK-Cu.[...] Rannsóknir sýna að X39 getur aukið framleiðslu líkamans á koparpeptíð um tugi prósentu strax á fyrstu viku. X39 byggir á tuttugu ára þróun og klínískum rannsóknum.“
3. „Hér kemur X39™ til sögunnar eftir 20 ára rannsóknir og vörubrúun. Eitt af mörgum lífsnauðsynlegu næringarefnum sem líkaminn framleiðir er koparpeptíð (GHK-Cu) sem er þekkt fyrir m.a. að virkja stofnfrumurnar og endursetja stóran hluta af genamenginu. Hæfni líkamans minnkar verulega með aldrinum að framleiða GHK-Cu. Rannsókn sýnir og staðfesta að hin einkaleyfisvarði X39™ eykur verulega framleiðslu líkamans á CHK-cu, við höfum séð dæmi upp í 250% aukningu á innan við viku.“



4. „Ávinningurinn af X39 og meira magni af GHK-Cu er margvíslegur:
- a. Minni verkir: Notendur X39™ geta fundið fyrir skjótvirkri verkjalosun. Reyndar eru það flestir sem upplifa minnkun verkja og bólgná á fyrsta degi.
 - b. Betri svefn: Klínískar rannsóknir sem framkvæmdar voru af LifeWave® sýna að X39™ bætir gæði svefns með því að auka magn GABA, sem er mikilvægt taugaboðefni í heilanum. Ávinningurinn er meiri gæðasvefn, dýpri og lengri.
 - c. Meiri orka: Klínískar rannsóknir sem framkvæmdar voru af LifeWave® sýna að X39™ bætti orku einstaklingsins umtalsvert.
 - d. Sár gróa hraðar: Nokkrar af okkar áhrifaríkustu reynslusögum eru á sviði gróandi sára. Gróandi sár er auðvitað náttúrulegt ferli og krefst aðkomu stofnfrumna.
 - e. Betri húð: Myndir þú vilja líða eins og yngri og ekki bara það heldur líka líta út fyrir að vera það? Mikilvægur þáttur þegar stofnfrumurnar eru virkjaðar er að framleiðsla á kollageni eykst. Niðurstaðan er sú að á nokkrum vikum með X39™ þá fer húðin að stinnast og þéttast og finar hrukkur að minnka.
 - f. Áhrifarík minnkun öldrunareinkenna: Rannsókn unnin af Dr. Loren Pickart sýndi að þegar GHK-Cu er aukið í líkamanum fara frumur í meginatriðum aftur í yngra ástand og byrja að hegða sér eins og yngri heilbrigðari frumur.
 - g. Hraðari endurheimt: Notendur X39™ upplifa umtalsvert meiri íþróttárangur og betri endurheimt eftir æfingar. Þar sem stofnfrumur eru hannaðar til að gera við skemmdar frumur kemur það ekki á óvart.
 - h. Minni ör: margir notendur X39™ segja frá því að eftir nokkrar vikur taka þau eftir því að ör hafi minnkað. Þetta er vel þekktur eiginleiki við hækkun á magni koparpeptíða í líkamanum.
 - i. Rannsóknarniðurstöður 2020: Nýlega birtar rannsóknir sýna verulega jákvæða aukningu á ýmsum þáttum í heilastarfsemi og betra minni. Einnig áhugaverðar niðurstöður varðandi blóðþrýsting, hjartsláttartíðni, slökun vöðva, betri öndun og meltingu!
 - í. Andleg líðan: Bætir andlega líðan og vinnur gegn kvíða og streitu“
5. „Eiginleikar X-49: Byggir upp vöðva hratt og örugglega, þolaukning strax á fyrstu viku, verndar hjarta og æðar, grennir og styrkir líkamann, styrkir beinin, lækkar háan blóðþrýsting, eflir starfsemi heilans, þykkara hár og styrkir neglur, hraðari endurheimt þrátt fyrir aldur, bætir íþróttárangur.“
6. „Hormónin í jafnvægi án þess að taka lyf eða hormón!:
- a. Shine: „Veitir almenna vellíðan og orku, skjótvirkur ilmur sem hjálpar til við að vekja skynfærin á morgnana, hjálpar til við að skapa áhrifaríkan orkugjafa fyrir daginn, láttu endurnærandi ilminn gefa þér uppörvun fyrir æfingu.“



- b. *Dream*: „Laðar fram tilfinningu um hvíld og slökun, sefar skynfærin með friðsælum ilm, skapar róandi áhrif fyrir svefninn..“
7. „Orkuplásturinn (*Energy enhancer*). Eykur orku á náttúrulegan máta, eykur fitubrennslu (23%), bætir þol, þrek, styrk, liðleika og jafnvægi. Viðurkenndur af alþjóða lyfjastofnuninni (*WADA*).“
8. „Verkjalosun (*Icewave*). Verkjaplásturinn er hannaður til að takast á við verki. Klínískar rannsóknir sína yfir 90% minnkandi verki á skömmum tíma. Verkjastilling á nokkrum mínútum. Skjótvirkur og dregur úr bólgum. Engar aukaverkanir.“
9. „Kjörþyngd SP6 - Greinningarplásturinn (*SP6 Complete*). Náttúruleg leið til að stjórna matarlyst. hann getur hjálpað til við að draga úr þrá í aukabita og sætindi með það í huga að ná kjörþyngd og koma línunum í lag. Dregur úr mikilli matarlyst, dregur úr sykurlöngun, hormóna og hitajafnvægi. Niðurstöður eftir eina viku sýndu mikla aukningu á virkni í lifur, brisi og nýrum en meðaltals aukningin var hvorki meira eða minna en 97%. Það var einnig mikil aukning á virkni skjaldkirtil, þörmum og undirstúku (*hypothalamus*), virknin jókst um 87% að meðaltali og einnig var aukning á virkni nýrnahetta um 75%.“
10. „Betri svefn - Svefnplásturinn (*Silent nights*). Dr. Norm Shealy sem hefur rannsakað svefn í áratugi, framkvæmdi klíníska rannsókn sem leiddi í ljós eftirfarandi niðurstöður. Hann segir að engin lyf skili álíka árangri. 72% minni þreyta yfir daginn, 80% meiri gæði á svefninn, 88% lengri svefn, hrotur minnka eða hættu.“
11. „Betri húð – Alavida – fallegri húð og betri lífsgæði. Alavida er bylting til að viðhalda unglegri og fallegri húð og nýtur algjörar sérstöðu því árangurinn kemur innan frá. Alavida eykur framleiðslu lífsnauðsynlegra peptíða og öflugustu andoxunarefna líkamans sem minnka verulega með aldrinum. Eykur Epithelamine sem heilaköngullinn framleiðir, eykur m.a. glútaþíón (afeitrari líkamans) og SOD (Sindurefna fangari líkamans), þar af leiðir bætir Alavida heilsuna almennt sem kemur vel fram á húðinni, styrkir óncæmiskerfið og dregur verulega úr öldrunareinkennum.“
12. „Varnarkerfið – Glútaþíón. Afeitrunarmeistarinn og ofurstuðningur við óncæmiskerfið. Nauðsynlegt er að auka magn glútaþíóns í líkamanum ætli fólk að halda í æskupróttinn og góða heilsu. Hátt hlutfall glútaþíóns í blóði segir fyrir um góða heilsu og langlíf, en lágt hlutfall um sjúkdóma og dauða. Glútaþíón er m.a. móður andoxunarefni líkamans, styður við og eflir óncæmiskerfið, afeitrunarmeistari líkamans. Ef einhvern tímann er hægt að tala um heilsuþyltingu eða vísinda afrek þá er það þegar LifeWave tókst að búa til glútaþíón plásturinn sem eykur framleiðsluna hjá einstaklingum að meðaltal um 300% á innan við 24 klst.“



13. „Endurheimt – Karnósín til að viðhalda æskuljómanu og þróttinum. Klínískar rannsóknir á karnósín hafa leitt í ljós stórkostlegar niðurstöður þ.m. skilning á að karnósín kann að leika lykilhlutverk á meðal næringarefna við að viðhalda líkamanum ungum á meðan við eldumst. Karnósín er næringarefni sem er framleitt náttúrulega í líkamanum en minnka með aldri. Karnósín er andoxunarefni sem gegnir mikilvægu hlutverk í heilsu okkar. Rannsóknir á karnósín sýna að það getur verndað heilann frá heilaplagum eins og t.d. alzheimer og það ver DNA betur en nokkur önnur næringarefni. Karnósín hefur einstaka eiginleika til að endurbæta gamlar og þreyttar frumum í eins og ungar og heilbrigðar séu. Karnósín getur mögulega aukið líftíma fruma um 300% til 400% og karnósín er talið geta aukið lífslengd allt að 30%. Karnósín er þekkt fyrir að flýta gróanda sára. Einkaleyfi var gefið út í Evrópu við notkun á karnósín til að bæta íþróttarárangur, þrek, gegn þreytu og meðhöndla vöðvasjúkdóma. Tvíblind rannsókn á 30 íþróttamönnum sýndi á innan við mánuði 14,9% aukningu á styrk, 125% aukningu á úthaldi, 28,8% aukningu á liðleika og 100,2% aukning á jafnvægi.“
14. „Jafnvægi – Aeon. Gegn bólgum og streitu. Aeon er öflugt vopn gegn bólgum en kemur einnig jafnvægi á ósjálfráða taugakerfið sem kemur beint inn á andlega líðan. Kemur jafnvægi á ósjálfráða taugakerfið. Minnkar streitu og streitumyndun. Minnkar bólgur og bólgumyndun.“

2.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, dags. 7. mars 2024. Í tölvupóstinum kom fram að fyrirtækið seldi engar vörur frá Lifewave.com en félagið X20 Lausnir ætti hins vegar lénið lifsbylgja.is sem væri upplýsingasíða frá árinu 2010. Ef einstaklingur keypti vöru þá keypti hann hana beint af framleiðandanum. Notendur ættu sinn eigin hlekk í kerfinu hjá Lifewave og allir ánægðir notendur gætu mælt með vörunni til áhugasamra en það sé markaðsaðferðin sem Lifewave hafi notað í tuttugu ár, þ.e.a.s. ánægðir notendur. Sem eigandi X20 Lausna og daglegur notandi Lifewave tækninnar í fjórtán ár þá mæli hann með Lifewave tækninni eins og aðrir Lifewave félagar og hafi vefslóðina lifewave.com/gunnarjon. Tiltekið sé að upplýsingarnar á vefsíðunni séu að miklu leyti teknar frá vefsíðunni startx39.com og að upplýsingarnar hafi verið speglaðar og rýndar í reglum bandaríska lyfjaeftirlitsins FDA og standist skoðun þess þótt það sé utan Íslands.

Varðandi athugasemd stofnunarinnar vegna skorts á upplýsingagjöf um þjónustuveitanda þá sé rétt að þær upplýsingar séu ekki veittar enda engin þjónusta veitt af eiganda lénsins lifsbylgja.is. Það sé í höndum þess ánægða notanda sem vísaði félaga sínum á lifsbylgja.is að veita grunnupplýsingar en ef lesandi vilji frekari upplýsingar þá geti hann leitað til þess aðila sem bent hafi honum á vefsíðuna lifsbylgja.is. Lénið sé íslenskt og eins og lög geri ráð fyrir sé hægt að frá frekari upplýsingar um tengilið hjá ISNIC.



Tiltekið sé að Lifewave sé aðili að „Direct Selling Organization“ í Bandaríkjunum, www.dsa.org. Boðið sé upp á 90 daga endurgreiðslutíma en í því felist að notendur geti notað vöruna í 90 daga og fengið 100% endurgreitt vöruverð en Lifewave endurgreiði eðlilega ekki sendingarkostnað og virðisaukaskatt sem DHL innheimti við afhendingu vörunnar. Þegar viðskiptavinur kaupir vörur af Lifewave þá samþykki hann skilmála þess. fyrirtækið sé 20 ára og staðsett í Kaliforníu en framleiðsla og dreifing sé í öllum heimsálfum. Framleiðslan fyrir Ísland og Evrópu fari fram á Írlandi og varan send þaðan beint til viðskiptavina með DHL sem innheimti einnig opinber gjöld beint af viðskiptavini. Þótt útbreiðslan á Lifewave sé mikil á heimsvísu þá sé hún afar lítil á Íslandi, mögulega þar sem síða eins og lifsbylgja.is hafi ekki verið með kostaðar auglýsingar nema í mýflugumynd en markaðssetning Lifewave byggist á ánægðum notendum sem deili eigin reynslu. Ef upplýsingar á vefsíðunni séu lesnar sé að finna tilvísanir á heimildir og rannsóknir sem styðji umræddar fullyrðingar og því sé það rangt hjá stofnuninni að fullyrða að enginn fótur sé fyrir þeim. Allar vörur og tækni Lifewave byggist á rannsóknum og vísindum og að baki fullyrðinganna séu rannsóknir og afar færir vísindamenn. Þá er því velt upp í svarinu hvort verið sé að óska eftir því að léninu verði breytt úr lifsbylgja.is í lifsbylgja.com?

3.

Með bréfi Neytendastofu til X20 Lausna ehf., dags. 16. apríl 2024, tiltók stofnunin að þótt vefsíðan lifsbylgja.is væri ekki vefverslun þá tækju lög nr. 57/2005 til hvers konar atvinnustarfsemi, án tillits til þess hvort hún sé rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum, sbr. 1. gr. laganna. Þá teldust viðskiptahættir vera markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. 6. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Sjónarmið um að vefsíðan sé eingöngu upplýsingarvefur en ekki sölusíða gætu ekki gert það að verkum að vefsíðan þurfi ekki að uppfylla skilyrði framangreindra laga. Þá benti stofnunin á að skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 þá tækju lög til samninga, skilmála og athafna sem ætlað sé að hafa áhrif hér á landi og því skipti það ekki máli hvort þeir viðskiptahættir sem til skoðunar séu komi frá vefsíðu sem hafi endinguna .is eða .com.

Tiltók Neytendastofa að í bréfi, dags. 21. febrúar 2024, hefði stofnunin farið fram á að X20 Lausnir ehf. færði sönnur á fjórtán fullyrðingar sem birtar hefðu verið í auglýsingum á vefsíðu félagsins, auk þess sem gerð hefði verið ítarleg grein fyrir því lagaumhverfi sem gildi um auglýsingar og markaðssetningu. Þá hefði verið vísað til þess að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á þær fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Benti stofnunin á að í svari félagsins til stofnunarinnar hefði verið að finna fjóra hlekki sem styðja ættu umræddar fullyrðingar. Ekki hafi þó verið að finna beina tilvísun í það hvar finna mætti sönnur fyrir fullyrðingunum eða með hvaða hætti hver og ein þeirra teldist sönnuð. Tók stofnunin fram að í skýringum til hennar verði tilvísanir sem eigi að renna stoðum undir fullyrðingar félagsins að vera þannig úr garði gerðar að ljóst sé við hvaða einstöku fullyrðingu sé átt. Þannig þurfi að koma fram hvar og í hvaða rannsókn sé að finna sönnun fyrir hverri og einni fullyrðingu.



4.

Með bréfi X20 Lausna ehf. til Neytendastofu, dags. 6. mars 2024, kom fram að það væri yfirgripsmikið verkefni að svara erindinu með þeim hætti sem óskað væri eftir en þeir fjórir hlekkir sem fylgdu með svarbréfi félagsins geymdu öll svörin. Ljóst væri að ótækt væri að svara öllum fjórtán fullyrðingunum í einu og sama svarinu á veittum svarfresti. Í bréfinu væri að finna sannanir fyrir X39 og Glútaþíon plástrunum en næst yrðu sendar sönnur á að photobiomodulation virki hjá Lifewave. Það væri lykilatriði að skilja photobiomodulation og Lifewave en það sem einkenni það sé að hver og ein vara leggi áherslu á eina tíðni eða bylgjulengd. Þá sé tiltekið að fræðsla um aðrar vörur frá Lifewave en framangreindar hafi verið teknar út tímabundið auk þess sem bætt verði við upplýsingum um eiganda lénsins.

Fram kom að Neytendastofa ætti líklegast við að vörurnar væru fjórtán enda um að ræða margfalt fleiri fullyrðingar en það og af þeim sökum muni svarið einskorðast við X39 og Glútaþíon en á komandi dögum myndu frekari svör bætast við.

Þá sé vísað til hinna fjögurra hlekkja sem fylgt hafi erindi félagsins. Í hlekk nr. 1 mætti sjá að nauðsynlegt væri að skilja „phototherapy“ (photobiomodulation) til að átta sig á þessari tækni sem geti örvað líkamann til að auka eigin framleiðslu á lífsnauðsynlegum sameindum eins og t.d. Koparpeptíð og Glútaþíon. Tæknin væri framandi fyrir marga og því mikilvægt að hafa fræðsluefni eins og lífsbylgju.is. Vefurinn vísi á 64.515 ritrýndar rannsóknir á „phototherapy“ sem fjölgi ört í hverri viku. Þá hafi þekkingin á þessu sviði aukist gríðarlega síðustu ár þótt hún hafi ekki vaxið mikið á Íslandi.

Með hlekk nr. 2 mætti sjá fjölda rannsókna Lifewave sem sanni þessa virkni. Í hlekk nr. 3 væri að finna vinsælasta og mest notaða plásturinn sem heiti X39. Hann örvi líkamann til þess að framleiða meira af koparpeptíð en til þess að skilja ávinninginn að viðhalda góðri framleiðslu í líkamanum af koparpeptíð þurfi að skilja hvaða tilgang það hafi í líkamanum. Hlekkur nr. 4 fjalli svo um Glútaþíon en þegar þetta sé ritað þá sé að finna 328.644 ritrýndar rannsóknir og greinar sem hafi verið skrifaðar um Glútaþíon en hafi verið 322.634 þegar fyrra svarbréf félagsins hafi verið ritað. Ritryndum greinum hafi því fjölgað um 6.010 greinar á tveimur mánuðum. Það skuli engan undra sem sé sæmilega vel lesin um Glútaþíon og rannsóknir um heilsufarslegan ávinning af háu gildi Glútaþíon í blóði. Því sé mjög mikilvægt að sá sem leggi mat á virkni Lifewave Glútaþíon plástursins viti í grundvallarratriðum hvað það gerir sem og sá er notar plásturinn. Meðfylgjandi var svo að finna fyrrnefnda fjóra hlekkir. Tiltók félagið að um væri að ræða tuttugu og sjö fullyrðingar þegar kæmi að vörunni X39 og allar sannanir fyrir þeim mætti finna undir umræddum hlekkjum sem og fyrir hinum vörum Lifewave, en um gríðarlegt magn af efni væri að ræða sem ómögulegt væri að svara í einu stuttu erindi.

Félagið tiltók svo að eigandi X20 Lausna ehf. hafi notað reglulega Glútaþíon plásturinn í 16 ár og velta mætti því upp hvort hátt gildi Glútaþíon sé lykillinn af því að eiganda hafi ekki orðið misdægurt öll þessi ár. Vísaði félagið til þess að 328.644 ritrýndar rannsóknir og greinar hafi



verið gefnar út um Glútaþíon og því skuli engan undra sem sé vel lesin um rannsóknirnar um heilsufarslegan ávinning að háu gildi þess. Mikilvægt sé að sá sem leggi mat á virkni þess viti í grundvallaratriðum hvað Glútaþíon geri sem og heilbrigðir einstaklingar sem vilji nota plásturinn til að viðhalda hreysti. Tilgangur vefsíðunnar lifsbylgja.is sé m.a. sá að veita fræðslu um hið lífsnauðsynlega lífefni Glútaþíon. Meðfylgjandi var að finna hlekk á allar 328.644 rannsóknirnar og skjáskots af umfjöllun lifsbylgju.is. um Glútaþíon og auk þess sem vísað var til bókar þar sem fjallað væri um Glútaþíon og ágæti þess tíundað. Velti félagið upp þeirri spurningu hvort Neytendastofa lesi allar útgefnar bækur og krefji útgefendur um að færa sönnur á fullyrðingar sem þar birtast.

Þá var vísað til rannsóknar á heilbrigðum einstaklingum sem byrjuðu að nota plásturinn en rannsakað voru bæði sýni úr blóði og þvagi. Allir einstaklingar höfðu aukið magn Glútaþíon í blóði á rannsóknartímabilinu, eða að meðaltali hækkun úr 2.000 micrómol/L í 7.000 micrómol/L, u.þ.b. þreföldun. Þá hafi andlit 40 þátttakenda verið skoðuð í rannsókninni af löggiltum húðsjúkdómafræðingi eftir 2., 4. og 6. vikna notkun plástursins sem sýndi verulega framför á opnum kómedónum, lokuðum kómedónum og unglíngabólum. Þá virtist sem Lifewave Icewave plástrarnir hefðu mikil áhrif á verkjameðferð og Glútaþíon plástrarnir á afeitrun og breytingar sem sést höfðu á lífsviðinu (e. biofield) verið mjög jákvæðar í eftirkönnunum í tilraunum en meirihluti þátttakenda sem hafi notað plástrana sýndu jákvæðar breytingar á lífsviðum. Um tvíblinda, lyfleysustýrða og slembiraðaða tilrauna rannsókn hafi verið að ræða á 10 virkum og 10 heilbrigðum viðmiðunar þátttakendum 30 ára og eldri með innsigliðum FDA skráðum Glútaþíon plástri sem gerð hafi verið af Lifewave. Rannsóknin gefi til stuðnings sönnunargögn um að örvun nálastungupunkts (CV6) með Glútaþíon plástri bæti lífeðlisfræðilega virkni sjö líffæra sem mæld séu með „Electro Interstitial Scanning“ (EIS). Framfarir í starfssemi líffæra styðji fullyrðingu gegn öldrun, n.t.t. þá gefi rannsóknargögnin til kynna að Glútaþíon plásturinn sé skilvirkari til að bæta starfssemi frumulíffæra þegar hann sé borinn daglega í stað fimm daga vikunnar.

Hvað varðar Koparpeptíð þá var að finna hlekk á samantekt varðandi ritrýndar rannsóknir og greinar um koparpeptíð þar sem fram kæmi í eini slíkri að mannlega peptíðið GHK (glýsýl-l-histidýl-l-lýsins) hafi margvíslega líffræðilega virkni sem allar skv. núverandi þekkingu virðist heilsusamlegar. Það örvi æða- og taugaútvöxt, auki kollagen, elastín og glýkósamínóglýkan nýmyndum auk þess að styðja við starfssemi húðtrefja. Sýnt hafi verið fram á hæfni GHK til að bæta viðgerð vefja fyrir húð, lungnabandvef, beinvef, lifur og maga. Þá hafi GHK einnig reynst hafa öfluga frumuverndandi virkni s.s. margvíslegar krabbameins- og bólgueyðandi verkun, lungnavörn og endurheimt langvinnrar lungnateppusjúkdóms (COPD), bælingu á sameindum sem talið er flýta fyrir öldrunarsjúkdómum s.s. NFkB, kvíðastillandi, sársauka- og árársaraðgerðir, DNA viðgerð og virkjun frumuhreinsunar í gegnum próteasómkerfið. Þá geti nýlegar erfðafræðilegar upplýsingar útskýrt svo fjölbreyttar verndandi og græðandi aðgerðir einnar sameindar sem sýni margar lífefnafræðilegar leiðir sem stjórnað er af GHK. Þá sé tiltekið að félagið haldi því aldrei fram að X39 plásturinn sé notaður til greininga eða lækninga sjúkdóma heldur sé markmið með notkun hans að viðhalda hreysti og lífsþrótti.



Tiltekið sé að X39 auki framleiðslu koparpeptíðs en tvíblind rannsókn sem birst hafi í tímaritinu Internal Medicine Research hafi sýnt marktæka aukningu á styrk koparpeptíðs í blóði einstaklinga sem höfðu notað plástrana í eina viku. Þá hafi tvíblind slempiröðuð samanburðarrannsókn sem birtist í International Journal of Research Studies in Medical and Health Sciences leitt í ljós að X39 plástrar hafi valdið marktækri aukningu á framleiðslu á 8 amínósýrum sem bætti skammtímaminni, svefn og lífsþrótt. Þá hafi í rannsókn verið kannaðar breytingar á magni GHK og GHK-Cu í blóði vegna notkunar á X39 plástrinum í eina viku en marktæk aukning á GHK í blóði hafi sést eftir tuttugu og fjórar klukkustundir og aftur eftir sjö daga notkun. Tilraunarannsókn sýni enn fremur tölfræðilegar marktækar jákvæðar breytingar á lífsviðum einstaklinga í tilraunahópnum samanborið við samanburðarhópinn. Einnig sé vísað til rannsóknar þar sem tilgangurinn var að ákvarða hvort efnaskipta og lífeðlisfræðilegar breytingar hafi framkallast af þátttakendum sem voru með X39 plásturinn. Þótt ekki haf verið um stóran hóp að ræða bendi niðurstöðurnar til jákvæðrar útkomu sem sýni fjölda marktækra amínósýrubreytinga á stuttum tíma og bættu skammtímaminni. Þá hafi þátttakendur í tiltekinni rannsókn sýnt miklar og marktækar efnaskiptabreytingar á einni viku sem ætti að kanna yfir lengri tíma í framtíðarrannsóknum svo hægt sé að sýna fram á betri skilning á alhliða eðli og áhrifum ljósameðferðar sem plásturinn framkalli. Í annarri rannsókn sem samanstóð af konum og körlum á aldrinum 40-65 ára hafi gögnin sýnt framfarir á blóðþrýstingi, sautján tölfræðilega marktækar amínósýrubreytingar á sjö dögum, marktækan bata á bólgueyðandi svörun, bata á svefnstigi, lækkun á blóðþrýstingi, framför á skammtímaminni og auknum lífsþrótti. Að lokum var vísað til fimm mismunandi hlekkja þar sem mátti finna umfjöllun um X39 af hálfu einstaklinga með doktorsgráðu á sínu sviði.

5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 3. júní 2024, var félaginu tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Þá benti stofnunin á að hún hefði orðið þess vör að þegar farið væri á vefsíðuna lifsbylgja.is virtist sem umferð væri beint á aðra vefsíðu, startx39.com, sem helguð væri umfjöllun og auglýsingum á X39 plástri Lifewave. Tiltók stofnunin að ákvörðun í máli þessu myndi beinast að þeim fullyrðingum sem fram hefðu komið á vefsíðunni lifsbylgja.is en stofnunin kynni að taka síðar til meðferðar mál er varðar vefsíðuna startx39.com í aðskildu og sjálfstæðu máli.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta var tekið upp í kjölfar ábendingar sem Neytendastofu barst vegna fjórtán fullyrðinga X20 Lausna ehf., rekstraraðila vefsíðunnar lifsbylgja.is, um virkni Lifewave vara. Óskaði stofnunin eftir því að félagið færði sönnur á þær fullyrðingar sem birtar höfðu verið um virkni varanna auk þess sem bent var á að svo virtist sem upplýsingar skorti á vefsíðunni um



þjónustuveitanda. Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svörum félagsins kom m.a. fram að félagið seldi engar vörur frá Lifewave.com en öll kaup færu beint fram í gegnum framleiðanda, vefsíðuna lifewave.com. Vefsíðan lifsbylgja.is væri upplýsingasíða í eigu X20 Lausna ehf. og engin þjónusta veitt af eiganda síðunnar heldur væri þar almenn umfjöllun um Lifewave vörurnar og markaðssetning Lifewave fælist í ánægðum viðskiptavinum sem deildu reynslu sinni. Allar vörur Lifewave og tækni byggist á rannsóknum og vísindum unnum af færum vísindamönnum sem styddu fullyrðingarnar og fylgdi fjöldi hlekkja með svörum félagsins á rannsóknir og greinar tengdum framangreindum vörum auk samantekta.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að



eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“

Í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, er kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfssemi eða vansköpun.

3.

Mál þetta varðar fjölda fullyrðinga á vefsíðunni lifsbylgja.is um virkni Lifewave vara. Líkt og fram hefur komið hér á undan þá tók félagið þá ákvörðun undir rekstri málsins að vísa umferð á vefsíðunni lifsbylgja.is á aðra vefslóð, x39lifestyle.wixsite.com/x-39. Það að umferð vefsíðu sé beint á aðra vefsíðu með .com endingu getur þó ekki leitt til þess að málsmeðferð verði sjálfkrafa lokið. Umræddar fullyrðingar X20 Lausna ehf. um Lifewave vörur á vefsíðunni lifsbylgja.is voru afdráttarlausar að því er varðar virkni varanna og þann árangur sem neytendur mættu vænta af notkun þeirra. Var þannig að finna fullyrðingar um að tiltekna vörur geti án efna eða lyfja virkjað stofnfrumur, leitt til aukningar á kollageni, dregið úr hrukum og aukið hárvöxt, lækkað æðaldur, leitt til minnkunar verkja og bólgna á fyrsta degi, að sár grói hraðar, hafi áhrif á gæði svefns og hafi jafnvel þau áhrif að bæta andlega líðan og vinni gegn streitu og kvíða.

Í svörum félagsins við erindi stofnunarinnar var sem fyrr segir vísað til fjölda rannsókna og greinaskrifa að baki hinum tilgreindu fullyrðingum sem óskað var eftir að færðar yrðu sönnur á. Hins vegar var hvergi tilgreint með skýrum hætti hvar sönnun fullyrðinganna væri að finna í umræddum gögnum þrátt fyrir beiðni stofnunarinnar þar um. Framangreindar fullyrðingar eru því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6 gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að framangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni varanna og að upplýsingarnar séu líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Að mati stofnunarinnar eru umræddar fullyrðingar ennfremur settar fram með þeim hætti að því er haldið fram að vörurnar geti haft virkni á ýmsa kvilla líkt og um lyf sé að ræða. Telur Neytendastofa að með birtingu á framangreindum fullyrðingum um virkni Lifewave vara hafi félagið haldið því ranglega fram að vörurnar geti læknað sjúkleika eða röskun á líffærastarfssemi. X20 Lausnir ehf. hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6.gr., 1. mgr. 8. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, auk ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með birtingu framangreindra fullyrðinga.



Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að um er að ræða viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot X20 Lausna ehf. alvarleg auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á X20 Lausnir ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (eitt hundrað þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„X20 Lausnir ehf., Hjallabrekkur 26, 200 Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um virkni Lifewave vara á vefsíðunni lifsbylgja.is.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er X20 Lausnum ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 6. nóvember 2024

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir